Akureyri, 19. janúar 2023

Varðar: Umsögn um geðheilbrigðisáætlun 2023-2030 og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027

Fram er komin geðheilbrigðisáætlun og aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára. Því ber að fagna. Fyrri aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem gilti fyrir árin 2016-2020 sýndi mikilvægi þess að á hverjum tíma séu í gildi skýr markmiðasetning eða stefnuplagg um uppbyggingu geðheilbrigðismála. Slíkt stefnuplagg er nauðsynlegt og þarf að stýra uppbyggingu og framþróun málaflokksins.

Eldri áætlun rann út fyrir þremur árum. Við það hefur uppbygging málaflokksins orðið fumkenndari en áður. Þegar ekkert stefnuplagg er í gildi verður uppbyggingin tilviljunarkenndari. Um það geta þau sem starfa í geðheilbrigðikerfinu vitnað. Því er það eins og áður segir fagnaðarefni að nýjar áætlanir séu nú komnar fram og til umsagnar. Því miður slær þó skugga á fögnuð undirritaðs. Sá skuggi stafar af því að þrátt fyrir framfarir undanfarinna ára vantar enn mjög mikið upp á að markmið fyrri aðgerðaáætlunar í geðheilbrigðismálum hafi náðst. Kostnaðurinn við að fullfjármagna eldri aðgerðaáætlun hefur verið reiknaður út. Sé hann borinn saman við þá fjármuni sem veitt hefur verið til geðheilbrigðismála undanfarin ár kemur í ljós að mikið vantar upp á að eldri áætlun sé fullfjármögnuð. Þannig var eldri aðgerðaáætlun á margan hátt ágæt en vegna þess að þeirri góðu áætlun var aðeins fylgt að hluta hafa markmið hennar ekki náðst.

Þess vegna er fögnuður yfir nýrri áætlun blandinn. Þegar við bætist að ný aðgerðaáætlun hefur alls ekki verið kostnaðarmetin og engin markmið hennar verið tímasett er ljóst að sem stefnuplagg er ný geðheilbrigðisstefna og tilheyrandi aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára veik og ekki eins gott markmiðsplagg og eldri áætlun. Því miður má líkja þeirri aðgerðaáætlun sem nú er í samráðsgátt við illa skilgreint áramótaheit manns sem langar að taka líf sitt í gegn en veit ekki hvort hann á að byrja að taka svefninn í gegn, mataræðið, hætta að drekka eða kaupa kort í ræktina, valkostirnir verða svo flóknir og yfirþyrmandi að hann gefst upp á verkefninu áður en hann kemst til að byrja.

Svo að það sé alveg skýrt: Stefnuplagg sem ekki hefur verið kostnaðarmetið felur ekki í sér skýr markmið. Hér þarf líka að hafa í huga að þær upphæðir sem eru til skiptanna við uppbyggingu geðheilbrigðismála næstu fjögur ár hafa þegar verið skilgreindar í fjármálaáætlun til næstu fjögurra ára. Fyrr en aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir þetta sama tímabil hefur verið kostnaðarmetin veit ekki nokkur maður hvort að markmið hennar rúmast innan fjármálaáætlunar! Því miður rýrir þessi veikleiki gildi aðgerðaáætlunar verulega.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar á geðheilbrigðismálum frá mars 2022 kemur fram að þrátt fyrir aukin fjárframlög til geðheilbrigðismála undanfarin ár hrökkva þau ekki til. Biðlistar eru víðast hvar langir og samfélagslegur kostnaður af geðröskunum og sálfélagslegum vanda er hár og fer hækkandi. Í tillögum Ríkisendurskoðunar kemur fram að skráningu og söfnun upplýsinga er ábótavant, grá svæði eða holur í þjónustu eru mörg sem veldur því að þjónusta er ekki alltaf samfelld, aðgengi er ábótavant og kerfið allt undirmannað. Þá tekur Ríkisendurskoðun sérstaklega fram að vanda þurfi aðgerðaáætlanir og eftirfylgni þeirra.

Sannarlega virðist reynt að mæta ábendingum Ríkisendurskoðunar í nýrri geðheilbrigðisáætlun en það sem vantar í umfjöllunina er sú staðreynd að í þessu spili öllu er kolvitlaust gefið. Tvö augljósustu dæmin frá undanförnum árum eru fjárframlög til geðheilsuteyma og framlög vegna skólahjúkrunar í framhaldsskólum. Við dreifingu fjármuna til uppbyggingar þessarar þjónustu var ekkert tillit tekið til mannfjölda á þjónustusvæði stofnana, þarfavísitölu heilsugæslunnar eða fjarlægð frá sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu. Verði þessi mismunur ekki leiðréttur heldur villan áfram í gegnum allt kerfið og aðstöðumunur landsmanna eftir búsetu festur í sessi.

Ný áætlun virðist sama marki brennd og sú eldri að því leiti að í henni er ekki kveðið skýrt á um að byggja skuli upp öfluga geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslunni um allt land. Þess í stað koma óljós markmið á borð við að stuðningur við geðheilsuteymin verði þróaður. Því er til að svara að geðheilsuteymi HSN hefur á að skipa 5,5 stöðugildum til þess að veita rúmlega 37.000 íbúum á svæði sem spannar um 400km frá Blönduósi til Þórshafnar sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu í 2. línu. Þarfagreining gerir ráð fyrir að 12 stöðugildi sé algert lágmark til að sinna þessari þjónustu. Ástandið er litlu skárra í öðrum landshlutum.

Það er ekki brýnasta verkefnið nú að þróa stuðning við geðheilsuteymin (markmið 4.A.2) þegar þessi teymi eru varla til vegna undirmönnunar. Brýnasta verkefnið nú er að fullmanna alla geðheilbrigðisþjónustu heilbrigðisstofnana bæði í 1. og 2. línu í samræmi við þarfir þjónustunnar. Margar skýrslur hafa verið skrifaðar um efnið þannig að það er ekki þörf á einni skýrslunni til. Það þarf einfaldlega að leggja fram fé og auglýsa störfin.

Það er líka ágætt markmið að stofna mönnunarhóp til að meta mönnunarþörf (markmið 2.A.1). Mönnunarþörf sálfræðiþjónustu heilsugæslunnar og geðheilsuteyma er hins vegar þekkt og því þarf ekki að bíða eftir enn einni skýrslunni um mönnun áður en farið verður í að fullmanna þá þjónustu. Brýnasta verkefni dagsins í dag í geðheilbrigðismálum er að halda áfram að efla framboð gagnreyndrar meðferðar í heilsugæslu (1. og 2. lína) um allt land. Það er mjög mikilvægt að færa þjónustuna til fólks þar sem það býr og samhliða þeirri uppbyggingu mun létta á álagi á geðdeildir og aðra 3. línu þjónustu.

Pétur Maack Þorsteinsson

Yfirsálfræðingur/teymisstjóri geðheilsuteymis HSN